

Gyðingahatri sáð í Neskirkju

ÓLAFUR JÓHANNSSON
SKRIFAR UM GYÐINGAHATUR

Í desember á síðasta ári var haldinn fundur í Neskirkju með Mary Lawrence sem hefur verið sóknarprestur meðal meþódista í Bandaríkjunum. Boðskapur hennar var að segja frá grimmd gyðinga í Hebron. Hún sagðist ganga með (arabískum) börnum sem búa í gamla hverfinu, fylgja þeim í skólann og fylgja þeim svo heim aftur. Hvers vegna? Jú, vegna ágangs gyðingabarna sem köstuðu grjóti í arabísku börnin. Ræða hennar var „hreint“ gyðingahatur, sagði mér einn gestur þessarar samkomu.

Þar sem ég var í Ísrael í des-

ember og janúar sl. gerði ég mér erindi til að kanna sannleikann í fullyrðingu þessa prests. Ég hafði samband við araba sem búa í Hebron, (ég fór þangað einnig) og sagði frá „boðskap“ prestsins: Þessi arabi er góður vinur minn og er kristinn. „Þetta er algjörlega rangt með farið,“ sagði hann. Sannleikurinn er að það eru aðeins um 400 gyðingar sem búa í Kirjat-Arba, sem er út- hverfi í Hebron. Það eru aftur á móti rúmlega 150.000 arabar sem ekki þola þessa fáu gyðinga nálægt sér og það eru gyðingabörn sem þurfa vernd fyrir stöðugum árásum og grjótkasti ungra araba. Ísraelska varnarliðið er þar til hjálpar þeim. Þetta

er sannleikurinn. Það er sorglegt til þess að vita að prestar noti kirkjuna til þess að sá gyðingahatri meðal þjóðarinnar. Þeir virðast gleyma boðskap Biblíunnar, hvað varðar gyðinga og fyrirheit Guðs. Þeir virðast gleyma því að Jesús sagði að hjálpræðið kæmi frá gyðingum. Þeir virðast gleyma því að Biblían var skrifuð af gyðingum, að mestu til gyðinga. Þeir gleyma því að Jesús er gyðingur.

Séra Örn Bárður Jónsson sóknarprestur hefur ekki farið í felur með andúð sína á Ísrael og Bandaríkjunum. Hann hefur notað ræðustól kirkjunnar til að sá hatri og stjórnmalaskoðunum sínum í Guðspjónustu sem út-

varpað var og vakti eðlilega athygli fjölmiðla. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann misnotar þjónustu sína í þessari kirkju. Sjálfur segist hann hafa fengið mjög góð viðbrögð sóknarbarna og annarra. Er það mælikvarði á að hann hafi farið með rétt mál? Ég á heima í sókninni og hef heyrt marga hneykslast á athyglisáráttu prestsins. Margir safnaaðarmeðlimir sakna kærleiks og fríðarboðskaps þess prests sem í mörg ár þjónaði þessari kirkju og boðaði orð Guðs hreint og ómengað. Það var séra Frank M. Halldórsson. Hin almenna (lúterska) kirkja hefur því miður oft boðað andgyðinglegan áróður gegnum aldirnar. Þó megum við

„ Það er sorglegt til þess að vita að prestar noti kirkjuna til þess að sá gyðingahatri meðal þjóðarinnar.

ekki gleyma því að það eru til prestar sem standa með Ísrael í baráttu sinni fyrir tilverurétti og innan þjóðkirkjunnar er vaxandi fjöldi Ísraelsvina. Ég hvet þá og aðra Ísraelsvini að biðja fyrir þeim prestum, sem við vitum að nota ræðustól sinn til að sá gyðingahatri.

Höfundur er formaður Félagsins Zion, vinir Ísraels.